Reykjavík, 4. júlí 2025
MSS25070012

**Borgarráð**

**Samningur Reykjavíkurborgar við Samtökin 78**

Meðfylgjandi eru drög að endurnýjuðum samningi Reykjavíkurborgar við samtökin 78 til þriggja ára.

Árlegur kostnaður vegna samningsins kr. 15.112.000,- og verði kostnaðurinn greiddur af miðlægum samningum.

Eldri samningur var gerður til eins árs og rann út þann 31.05.2025. Árlegur kostnaður vegna þess samnings var kr. 8.905.400,-

Núverandi samningsdrög snúa að fræðslu til starfsfólks í skóla og frístundastarfi, fræðslu til barna og ungmenna í 3. 6. og 9. bekk grunnskóla, fræðsla til starfsfólks leikskóla og fræðslu til hverfisfélaga innan Íþróttabandalags Reykjavíkur. Ennfremur greiðir Reykjavíkurborg framlag vegna ráðgjafaþjónustu til að sinna stuðningsviðtölum fyrir hinsegin fólk og aðstandendur þeirra.

Sú viðbót sem er í þessum nýja samningi er að aftur verði tekin upp fræðsla fyrir 3. bekk grunnskóla og fræðsla til starfsfólks leikskóla.

Óskað er eftir að borgarráð samþykki samninginn.

Virðingarfyllst,

Anna Kristinsdóttir
*Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa*
*Miðlæg stjórnsýsla*

Reykjavík